

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023
UST202305-047/R.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - Vetnisframleiðsla á Grundartanga

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar mótttekið þann 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Stofnunin minnir á málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Framkvæmdarlýsing

Qair Iceland ehf (hér eftir nefnt framkvæmdaaðili) ásamt Íslenska vetnisfélaginu stefna að tilraunaframleiðslu á vetni með 5 MW rafgreini á Grundartanga. Áætlað er að vetnið verði notað sem orkugjafi á samgöngutæki, en framleiðslan á að þjónusta vetnisstöðvar Íslenska vetnisfélagsins sem hyggst fara í uppbyggingu á fleiri vetnisstöðvum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka framkvæmdina. Þó er óljóst hvað áætlað er að stækkunin sé mikil þar sem ósamræmi gætir í köflum 1 og 2.1 þar sem talað er um möguleika á stækkun um helming, en í töflu 2 má sjá upplýsingar um magntölur miðað við allt að tvöföldun framkvæmdarinnar.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar

Framkvæmdin er í nálægð við svæði í Hvalfirðinum sem skilgreint hefur verið á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Einnig er Hvalfjarðarströnd (náttúruminjasvæði nr. 235) í nágrenninu en þar er að finna fjölbreytt landslag og fuglalíf. Framkvæmdin er á skipulögðu iðnaðarsvæði þar sem fyrir er álver og járnblendi. Áætlað er að framkvæmdin verði á steiptum grunni en að öðru leyti að megninu til í tveim gámum sem hægt er að flytja á brott er þörf er á. Byggt á þessu telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á ásýnd svæðisins eða náttúruminjasvæðanna.

Samkvæmt upplýsingum í matskyldufyrirspurninni verður eina losunin frá stöðinni hreint súrefni sem verður losað í andrúmsloft og losun í vatn muni vera óveruleg. Mengun frá framkvæmdinni verður því minniháttar.

Aðföng fyrir framleiðsluna, vatn (1000 L/klst) og rafmagn (6 MW), eru aðgengileg á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og ekki þörf á öðrum framkvæmdum þeirra vegna.

Niðurstaða/Niðurlag

Umhverfisstofnun telur að í fyrirspurninni sé gerð nægjanleg grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin geti haft. Í fyrirspurninni er þó ekki ljóst hvort gert sé ráð fyrir möguleika á stækkun framkvæmdarinnar um helming eða tvöföldun hennar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur